

Siglingaráð

23. fundur

Dags.: 5. mars 2020, kl. 11:00 til 13:15 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Mættir: Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Eggert Ólafsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Árni Bjarnason (Félag skipstjórnarmanna), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmþæknimanna), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Stefán Guðmundsson (Samtök ferðapjónustunnar), Ólafur Ragnarsson (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Halldór Ármannsson formaður, Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu), Halla Sigrún Sigurðardóttir (Samgöngustofa), Rannveig Grétarsdóttir (Samtök ferðapjónustunnar), Bryndís Sigurðardóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Þorlákur Halldórsson (Landssamband smábátaeigenda), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild).

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
2. Fundargerð 22. fundar Siglingaráðs. (send í tölvupósti)
3. Dagskrá ráðstefnu um öryggi sjófarenda 19. mars 2020. (send í tölvupósti)
4. Fréttatilkynning um þrjár fræðslumyndir. (send í tölvupósti)

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

Áp setti fundinn og bað fyrir kveðju frá HÁ formanni. SG boðinn velkominn í hópinn.

1. **Fundargerð 22. fundar samþykkt.**
2. **Hafnsögupjónusta.** BA rakti erindi Hafnasambandsins, þar sem óskað er eftir svörum um hvort verið sé að skoða í samgönguráðuneytinu og hjá Samgöngustofu að aðrir aðilar en hafnir fái heimildir til að reka hafnsögupjónustu. Til þess myndi þurfa lagabreytingu en skv. 12. gr. laga um vakstöð siglinga nr. 41/2003, ráða viðkomandi hafnarstjórnir hafnsögumenn. Fulltrúar ráðuneytis og SGS kannast ekki við þessa umræðu. BA sagði frá bréfi SGS til Hafnasambandsins frá nóvember s.l. um námskeið fyrir hafnsögu- og leiðsögumenn, réttindi þeirra og skyldur, sem og svarbréfi Hafnasambandsins frá janúar s.l. en þar fjallað um réttindi og skyldur hafnsögu og leiðsögumanna og lágmarkskröfur til menntunar og reynslu. Siglingaráð telur eðlilegt að hafnsögumaður hafi a.m.k. réttindi fyrir þá stærð skips sem hann þjónustar og viðeigandi enskukunnáttu. Lögin eru frá árinu 2003 og hefur Hafnasambandið bent á að það þurfi að endurskoða þau. Ákveðið að beina því til samgönguráðuneytis og SGS skoðaréttindamál hafnsögumanna og námskeiðahald fyrir hafnsögu- og leiðsögumenn.
3. **Lögskráning.** Það hefur verið vandi fyrir þá sem starfa á fleiri en einum báti samdægurs að geta ekki skráð sig á fleiri báta en einn, td. hafnsögumenn og starfsmenn á farþegabátum. ÓR upplýsti að í Skútunni verði hægt að skrá menn á milli báta á sama deginum en þeir verða þá eingöngu skráðir á einn bát í einu. Fram kom í umræðu að þessi möguleiki sé mikilvægur vegna réttarstöðu áhafnar varðandi tryggingar og að ljóst sé hvaða skipstjóri er lagalega ábyrgur ef slys eða tjón verður. Þessi breyting í lögskráningunni verður til hagsbóta fyrir útgerðir og áhafnir t.a.m. hafnsögubáta, farþegabáta og báta í fiskeldinu. SG benti á vandamál sem hafa komið upp þegar lögskráningarkerfið dettur út fyrir frídaga og er ekki lagað fyrr en á næsta vinnudegi hjá SGS.
4. **Lög og reglugerðir.**
 1. **Breytingar á reglugerð 122/2014.** EÓ sagði að breytingarnar á reglugerðinni séu tilkomnar vegna úttektar EMSA sem gerði athugasemd um að hún samræmist ekki tilskipun Evrópusambandsins. Breytt reglugerð mun gilda um íslensk sem erlend fiskiskip sem er 24 metrar og lengri og jafnframt fyrir íslensk fiskiskip sem eru 15 til 24 metrar að lengd. Umsagnarfrestur rennur út í næstu viku. Gagnrýnt var að breytingin hafi farið í

samráðsgáttina án kynningar fyrir Siglingaráði og farið fram á að umsagnarfrestunin verði lengdur því þetta væri töluvert efni sem fara þarf yfir. Ráðuneytið mun lengja umsagnarfrest til 1. apríl.

- 2. Breyting á lögum um áhafnir fiskiskipa og mönnunarmál.** ÁB sagði að vinnuálag á áhafnir fiskiskipa hafi aukist mikið undanfarin áratug þar sem mönnum er fækkað í áhöfnum samhliða því að afli hefur stóraukist. Öryggismönnun skipa segir eingöngu til um þann lágmarksfjölda sem þarf til að sigla skipi en tekur ekki tillit til annarrar vinnu um borð. Nú er hjá ráðuneytinu kæra vegna fjölda í áhöfn báta t.d. í fiskeldi þar sem leyft er að tveir séu í áhöfninni þegar þurfa að vera þrír. HAG bætti við að verið væri að stækka skipin og auka afköst án þess að huga að nægilegri mönnun skipanna m.t.t. þreytu og vinnuálags. Einnig að búið sé að fækka í áhöfnum fleiri skipa en í smábátum en mönnunarnefnd þarf að hafa upplýsingar um störfin um borð til að geta metið stöðuna rétt.

EÓ sagði að óskir hafi komið frá LS um að færa smáskiparéttindin úr 12 metrum í 15 metra og taka breytt áhafnarlög gildi 1. sept. n.k. en samhliða verða breytingar á hæfniskröfum.

VV benti á að Sjómannasambandið hafi sent inn athugasemdir t.d. varðandi menn sem eru að stranda bátum vegna þreytu og gagnrýndu að ákvæðið um að ekki þurfi vélstjóra í bátum með allt að 750 KW vélar þegar samningur er um þjónustu vélaverkstæðis hafi verið fært upp í 15 metra bátana.

ÓR benti á að í farþegabátum séu tveir í áhöfn með 30 manns og gætu tæplega ráðið við neyðarástand um borð t.d. ef einhver fellur fyrir borð. Ekki eru haldnar æfingar í öllum þessum bátum.

HS sagði að færri væru í áhöfnum íslenskra skipa heldur en í erlendum systurskipum og að SGS ætti að hafa eftirlit með vélaverkstæðum sem þjónusta bátana en VV hafði sagt frá bát sem var með samning við vélaverkstæði sem hafði fyrir löngu hætt rekstri.

EÓ upplýsti að verið væri að fara í gegnum löggjöfina og áhafnarlögin verða tekin til heildarendurskoðunar. Í þeirri vinnu verður haft betra samráð við Siglingaráð.

GHB gerði athugasemdir við vinnubrögð við breytingar á skipalögunum og að mörg ákvæði væru um að ráðherra setji reglugerðir þannig að óljóst er hvað er verið að gera. Alþjóðalög eru til um þessi mál og ætti að hafa hliðsjón af þeim. HS sagði æskilegt að setja saman faghóp sem færi vandlega yfir hvern einasta lið í lögunum.

ÁLÁ sagði að LHG hafi beðið um meiri frest til að fara í gegnum skipalögin. LHG væri ánægt með 2. gr. frumvarpsins sem gerði stofnuninni kleift að annast eftirlit með erlendum skipum en gildandi lög bjóði uppá mismunun í kröfum milli skipa í ferðaþjónustu skráðra á Íslandi og erlendra skipa sem koma til landsins með farþega. Það getur haft í för með sér að íslenskar útgerðir skrái skipin erlendis og sigli þeim hér við land.

SG er með langa reynslu í rekstri farþegabáta og hefur reynst vel hjá þeim að hafa saman skipstjóra og vélstjóra í áhöfn. Hann hefur eingöngu góða reynslu af þjónustu vélsmiðja á línubát með vél minni en 750 KW og enginn er að amast yfir rútum á hálendinu með 750 kW vélar og eingöngu einn bílstjóri til staðar. VV gerir ekki athugasemdir við að sami maðurinn sé skipstjóri og vélstjóri en það þarf að stoppa þessa þróun í fækkun í áhöfnum fiskiskipa.

ÁP sagði að framvegis verði skipaðir vinnuhópar til að fara yfir laga- og reglugerðarbreytingar.

- 5. Öryggisráðstefna.** ÁP kynnti auglýsingu um ráðstefnuna og fór yfir dagskrána (framlagt gagn nr. 3). Ráðstefnan verður haldin samkvæmt áætlun í Sjómannaskólanum nema tilmæli komi frá yfirvöldum um að stöðva beri samkomur vegna Covid 19. Um 40 manns hafa þegar skráð sig en á facebooksíðu hafa um 200 manns sýnt áhuga á að mæta. ÁLÁ benti á að það væri áhyggjuefni að koma saman miklum fjölda ráðstefnugesta vegna smithættu. Fram kom að með ráðstefnunni væri reynt að ná til eyrna útgerða og sjómanna einkum á farþegabátum, skemmtibátum og fiskibátum. SG lagði til að fá skipstjóra sem hafi strandað skipi til að halda erindi um reynsluna. Var tekið vel í það og ætlar SG að ræða við skipstjóra um málið. ÁP bað um að fá send nöfn ræðumanna sem koma til greina.
- 6. N4 myndbönd og þáttur.** Rætt var um kynningu á myndböndum (framlagt gagn nr. 4) sem sýndar voru á síðasta fundi. 12 mars verður á N4 umræðuþáttur um öryggismál sjófarenda þar sem

fræðslumyndirnar verða frumsýndar opinberlega. Mögulega verður fjórða fræðslumyndin tilbúin fyrir ráðstefnuna og bæta þarf því á tilkynninguna ef það næst. IV lætur ÓR vita um það.

7. **Dagur sjófarandans (Day of the Seafarer) 25. júní.** Framtíð sjómennskunar (Our Seafaring Future) er þema alþjóðadags sjófarandans árið 2020. Rætt var um að vera með þemað á sjómannadaginn í stað 25. júní og hafa samband við „sjómannadagsráðin“ varðandi það. Upplýsa má IMO um það sem gert er á Íslandi í tilefni dagsins.
8. **Alþjóðasiglingamáladagurinn (World Maritime day) 24. sept.** Sjálfbærir sjóflutningar fyrir sjálfbæra Jörð (Sustainable shipping for a sustainable planet) er þema dagsins árið 2020. Óskað er eftir tillögum um viðburði til að halda daginn hátíðlega hér á landi.
9. **Önnur mál**
 1. **Handbók lyfjakistu.** ÓR upplýsti að SGS sé búin að semja við lækna- og hjúkrunarteymið um vinnu að handbók lyfjakistu og miðar verkinu vel. Upplýsti hann að bætt hefur verið við sérstakri lyfjakistu farþegabáta með tilliti til þeirrar starfsemi.
 2. **Ocean council.** ÁP sagði frá ráðinu og vefnum www.oceancouncil.org sem veitir oft gagnlegar upplýsingar um viðburði sem tengjast viðfangsefnum ráðsins.
 3. **Merkingar skipa.** HS gagnrýni ákvæði í reglum um merkingar skipa en þær samræmast ekki alþjóðareglum. Gerð er krafa um að íslensk skip séu merkt með nafni og heimahöfn, en fiskiskip einnig með umdæmisstöfum og númeri. Þilfarsskip 15 m og lengri eiga að vera merkt með skipaskrárnúmeri samkvæmt reglunum. SOLAS skip þarf eingöngu að merkja með nafni en samt er Herjólfur látin vera með skipaskrárnúmer eins og fiskiskip. Alþjóðakröfur eru um að þilfarsfiskiskip eigi að vera merkt með kallmerki en það er ekki gert hér þó að íslensk skip séu að sigla á alþjóðlegum hafsvæðum. Þá gerði HS athugasemd við kröfur um merkingu bjarghringa í reglugerð 122/2004 en krafa er um að skipaskrárnúmer sé merkt á þá þegar aðrar þjóðir eru bara með nafn skips og kallmerki samkvæmt alþjóðareglum.
 4. **Aðgerðir SGS vegna Covid 19.** HS var með fyrirspurn til SGS varðandi viðbrögð stofnunarinnar vegna afgreiðslu mála varðandi lögskráningar ef loka þurfi skólanum vegna faraldurs og sjómenn geti því ekki sótt tilskilin námskeið. Tryggja þarf að rekstur skipa stöðvist ekki vegna þess. GHB tók undir þetta og að sama eigi við um útgáfu haffærisskírteina ef loka þarf SGS. Fram kom að mikilvægt sé að taka á þessu strax því óvissuástand ríkti. ÓR kannar þetta hjá SGS og ÁP sendir tölvupóst á forstjóra SGS.
 5. **Heimildarmynd um björgunarskip.** VV kynnti fjáröflun fyrir heimildarmynd um björgunarskip í Vestmannaeyjum. Myndin verður unnin í samvinnu við RÚV. Óskað eftir að ráðuneytið kanni hvort það geti styrkt gerð myndarinnar. Jafnframt óskað eftir því að rætt verði um málið á næsta fundi Siglingaráðs m.t.t. fjármögnunar.

Næsti fundur verður 2. apríl 2020, ÁP boðar í tölvupósti.

IV og ÁP rituðu fundargerð.